



## Rannsóknir Vegagerðarinnar, ráðstefna 7.11.2008

### Tengsl umhverfismats áætlana og mats á umhverfisáhrifum framkvæmda - Ágrip

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir

Verkefnið felst í að greina snertifleti milli umhverfismats áætlana og mats á umhverfisáhrifum framkvæmda og fjalla um möguleika (kosti og galla) þess að samþætta umhverfismat skipulagstillögu og mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar.

Oft á tíðum er samtímis í vinnslu skipulagstillaga á vegum skipulagsyfirvalda og mat á umhverfisáhrifum tiltekinnna framkvæmda. Sérstaklega á þetta við þegar viðkomandi framkvæmd kallar á breytingu á gildandi skipulagi, eða þegar unnið er að deiliskipulagi tiltekins svæðis samhliða framkvæmdaundirbúningi á því.

Eftir að lög um umhverfismat áætlana komu til framkvæmda (2006), þurfa skipulagsyfirvöld að meta umhverfisáhrif skipulagstillagna. Í fyrrgreindum tilfellum, eru því skipulagsyfirvöld og framkvæmdaraðilar að vinna að umhverfismati samtímis, þeir fyrrnefndu varðandi skipulagsákvörðun um tiltekna framkvæmd, þeir síðarnefndu varðandi undirbúning framkvæmdaleyfis fyrir sömu framkvæmd.

Við þessar aðstæður vakna ýmsar spurningar:

- Geta þessi ferli verið felld saman í heild eða að hluta, hvað varðar opinbera kynningu, athugasemdafresti og afgreiðslu stjórnvalda?
- Geta þær greiningar og áhrifamat sem fram þurfa að fara verið felld saman í heild eða að hluta?
- Geta gögn (matsáætlun og matskýrsla vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmda og matslýsing og umhverfisskýrsla vegna umhverfismats áætlana) verið felld saman í heild eða að hluta?

Ljóst er að forræði umhverfismats skipulagstillögu er oft á tíðum á höndum annars aðila heldur en mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar. Í tilfelli vegaf framkvæmda er hér oftast um að ræða viðkomandi sveitarstjórn annarsvegar og Vegagerðina hinsvegar.

Í fræðilegri umfjöllun og í löggjöf er almennt gengið út frá því að umhverfismat skipulags sé undanfari mats á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda. Þar sé tekið á viðtækari áhrifum og stærri grundvallarspurningum varðandi umhverfisáhrif, svo sem samlegðaráhrifum og áhrifum á stærri svæði. Mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar fylgi síðan í kjölfarið, þar sem sjónum sé fyrst og fremst beint að staðbundnum áhrifum og nánari útfærsluatriðum.

Þrátt fyrir að þetta sé meginreglan í fræðilegri umfjöllun og löggjöf, hefur verið rætt um hugsanlega kosti þess að samþætta ferli umhverfismats áætlunar og mats á umhverfisáhrifum framkvæmdar í tilteknum tilvikum. Þau sjónarmið sem liggja að baki slíkum hugmyndum varða fyrst og fremst skilvirkni matsferlisins og að forðast endurtekningu samskonar mats.

Markmið verkefnisins er að setja fram æskilegt verklag þegar unnið er að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdar og umhverfismati samsvarandi skipulagstillögu. Verklagið miði að skilvirkri málsmeðferð m.t.t. tíma, fjármagns, gagnaöflunar, úrvinnslu og opinberrar umfjöllunar, og eftir því sem við á samþættingu ferla og gagna.

Afrakstur verkefnisins verður settur fram í tillögu að leiðbeiningum/verklagsreglum.